

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðalax Fossfjörður í Arnarfirði



Dags eftirlits	28.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fjarðalax	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hafnarhúsinu, Tálknafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	641109-1770	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Þóra Dögg Jörundsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Enginn fiskur er í sjó á eldissvæðinu á vegum rekstraraðila.
Engin frávik komu fram en tvær ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Rekstraraðili hefur staðfest að enginn fiskur sé á svæðinu á þeirra vegum, eða hafi verið síðan 2016.
Eftirlitsmaður staðfesti að engar kvíar voru úti í júní 2018.

Núllskýrslum vegna græns bókhalds og útstreymisbókhalds ársins 2017 hefur verið skilað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili skal senda ársyfirlit, grænt bókhald og útstreymisbókhald fyrir 1. maí ár hvert skv. gr. 3.2 og 3.3 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að hefjist starfssemi aftur á svæðinu eftir að hafa legið niðri skal rekstraraðili, skv. gr. 1.5 í starfsleyfi, tilkynna stofnuninni um að kvíarnar hafi verið teknar í notkun aftur. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að rekstraraðili tilkynni stofnuninni með fyrirvara ef starfssemi hefst að nýju á svæðinu, ásamt því að skila inn uppfærðri vöktunaráætlun sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi.

ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að meðan starfsleyfi er í gildi mun eftirlitsaðili framkvæma eftirlit með starfsemi skv. eftirlitsáætlun stofnunarinnar og innheimt verður eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar, hvort sem rekstur er í gangi eður ei.

Óski fyrirtækið eftir því að starfsleyfið verði fellt úr gildi skal senda um það formlegt erindi á Umhverfisstofnun annað hvort á netfangið ust@ust.is eða með bréfpósti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.02.2019

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir